

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 113,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

2. Önnur hús kr. 45,00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 26,40 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

2. Önnur hús kr. 75,30 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimædagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 10 675,00,

Hús 300—2 000 m³ kr. 10 675,00 fyrir 300 m³ og kr. 7,90 fyrir hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2 000 m³ kr. 24 240,00 fyrir 2 000 m³ og kr. 6,60 fyrir hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 1 075,00.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 909 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 5. febr. 1982 með tilvísun til auglýsingar nr. 15/1982 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Þorlákshafnar nr. 269 28. maí 1980, með síðari breytingum.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald.

a. Samkvæmt magnhemli kr. 330,36 fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli kr. 16,54 fyrir hvern rúmmetra vatns.

7. gr. gjaldskrárinnar orðist þannig:

Heimædagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðargjald af búpenings-